

að kvongast, er faðir hennar vill þrengja honum til þess. Honum er auðsjáanlega hvimleiður kaupskapurinn, sem þá tíðkaðist og enn tíðkast í einkamálum, því ást hans til Kolfinnu þolir engin bönd; svo álítur hann ekki særilegt, að taka vanakrókinn á leiðina, og vill heldur vera „vættidraugur en vægja,” vill heldur verða stólpum héraðs og hofa til hneykslis og ásteytingar, heldur en hafa á meðvitund sinni, að hann fari að hrossakaupum. Dánumennirnir taka nú það heiðarlega ráð, að fastna Kolfinnu eruverðum, nærsýnum öldungi, er leggst svo á eitt með hinum að svívirða Hallfreð.

Háheiðarlega fólkið, sumt kristna kyrkjufólkið, hefir haldið því fram, svo eg hefi heyrt, og viljað láta líta svo út, að Hallfreði hafi aldrei þótt vænt um Kolfinnu, hafi aðeins viljað tæla hana til óskírlífis við sig. Dæmi þar hver um sem vill, en eg hygg óþarfa að andmæla slíku; ekkert er fjær skaplyndi Hallfreðar. Hann ann henni auðsjáanlega af heilum hug. Sést það ljóslega á svari því, er hann gaf föður sínum, er hann atlaði að neyða hann til utanferða: „Eigi hirði ek, faðir, hversu þú gerir gerð þessa, ef Gríss á eigi Kolfinnu.“ Og er faðir hans kvað svò skyldi þó vera: „Hver man mér þá trúrr, ef faðirinn bregzt.“ Þetta sést og á vísu þeirri, er hann orti í hafi, þegar hann sigldi til Noregs um sumarið:

„Fúss emk enn þótt ossu
áföll drepi stáli
—Mjök skýtr mornar vaki—
minnask við Kolfinnu,
þvít algrundar endisk
áttgóðrar mér tróðu
betr munum nú nytja
nærr en heitit væri.

Aðalefni vísu þessarar er þetta: „Skip vort skríður mjög, en þótt áföllin skelli á súðunum, þá er eg enn jafnfús að mynnast við Kolfinnu, því nú ann eg ágætiskvendi þessu meira en þó hún væri heitkona mína.“ Sama kemur víðar fram í kveðskap hans, og er næst síðasta vísan, er hann kvað skömmu fyrir andlát sitt í hafi, auðsjáanlega kveðin til Kolfinnu. Þar getur